

## REGLUGERD um línuívilnun.

### 1. gr.

Frá og með 1. september 2004 má við línuveiðar dagróðrabáta í einstökum ferðum landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbit sem reiknast til aflamarks þeirra. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri um borð í bátnum.
2. Að bátur komi til löndunar í höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða úr þeirri höfn.
3. Að sjálfvirktilkynningarkerfi bátsins sé virkt.
4. Að skipstjóri tilkynni um upphaf og lok veiðiferðar skv. 4. gr.
5. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflauplýsingarkerfið Lóðs, komi fram, að veiðarfæri í tiltekinni veiðiferð hafi verið landbeitt lína samkvæmt upplýsingum skipstjóra.

### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuívilnun í þorski á hverju fiskveiðíári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski sem skiptast þannig innan fiskveiðársins:

1. September – nóvember: 1.080 lestir.
2. Desember – febrúar: 1.280 lestir.
3. Mars – maí: 770 lestir.
4. Júní – ágúst: 245 lestir.

Þá getur sjávarútvegsráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar.

### 3. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafla og tilkynnir til ráðuneytisins hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils eða heildarmagni verði náð sbr. 2. gr. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

### 4. gr.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar komið er til hafnar til löndunar. Tilkynningar skal senda í gegnum Símalínu, sjálfvirkjan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal koma fram frá hvaða höfn bátur rær sbr. 2. tl. 1. gr.

Línuívilnun reiknast aðeins á þann afla sem endanlega er vigtaður hér á landi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, með síðari breytingum.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. b. lið 3. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003 til að öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2004.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*